

## Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 8. september 2021 kl. 12:00

Mættir,

Björn Ármansson, Guðjón Guðjónsson, Guðlaugur Jónsson, Birgir Sigurjónsson, Einar Eiríksson, Magnús Harðarson, Sigurður Þórarinsson, Árni Bjarnason, Árni Sverrisson og Páll Ægir Pétursson sem ritar fundargerð.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:20

Dagskrá:

**Mál 1. Staðan í kjarasamningum skipstjórnarmanna á fiskiskipum.**

Haldnir hafa verið 20 sameiginlegir fundir hjá ríkissáttasemjara og á fundi þann 6. september sl. slitnaði upp úr viðræðunum þar sem of mikið bar á milli aðila.

Eftir árangurslausar viðræður við SFS um endurnýjun kjarasamninga sjómanna frá því að samningarnir losnuðu þann 1. desember 2019 til febrúar 2021 var ákveðið að vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara í von um að eitthvað færí að ganga í viðræðunum. Deilunni var vísað til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 17. febrúar 2021.

Helstu kröfur sjómanna voru hækkan kauptryggingar og kaupliða hjá sjómönnum til jafns við hækkanir skv. lífskjarasamningum sem samið var um á almenna vinnumarkaðnum, fiskverðsmál, aukið mótframlag í lífeyrissjóð og fleira er snýr að réttindamálum og lagfæringum á samningnum til að gera hann einfaldari og auðskildari fyrir þá sem eiga að vinna eftir honum. Helst strandar á að útgerðarmenn eru ekki tilbúnir til að auka mótframlagið í lífeyrissjóði sjómanna um 3,5% nema fá þann kostnað að fullu bættan og rúmlega það með auknum álögum á sjómenn með meiri þáttöku þeirra í ýmsum kostnaði útgerðarinnar. Sem dæmi hefur SFS ítrekað reynt að fá sjómenn til að samþykka lækkun á hlutaskiptunum, samþykka þáttöku í veiðigjöldum útgerðarinnar, samþykka aukna þáttöku í kostnaði vegna slysatryggingar sjómanna og að samþykka nýtt ákvæði um afslátt af skiptahlut vegna nýrra skipa. Þetta hafa þeir viljað fá gegn því að auka framlag útgerðarinnar í lífeyrissjóð sjómanna. Helstu atriði síðasta tilboðs útgerðarinnar til sjómanna var að hækka kauptryggingu og kaupliði um aðeins tæpan helming af því sem samið var um á almenna vinnumarkaðnum, aukið framlag í lífeyrissjóð kæmi til sjómanna í 7 þrepum, 0,5% á ári frá undirritun samnings og að samningstíminn yrði 12 ár. Gegn þessu fóru þeir fram á að þátttaka sjómanna í kostnaði við slysatrygginguna hækkað á samningstímanum þannig að sjómenn greiddu þriðjung iðgjaldsins og að útgerðin fengi 10% afslátt á aflahlutum í fjögur ár fyrir ný skip. Auk þess yrði frystílag á nýjum frystitogurum lækkað varanlega úr 7% í 5%.

Þessum tillögum SFS höfnuðu fulltrúar sjómanna að sjálfsögðu.

Aðilar hafa verið sammála um að afnema olíuverðstenginguna og skipta úr heildar verðmætinu. Sjómenn buðu að skiptaprósentur yrðu reiknaðar niður m.v. 70% samhliða afnámi olíuverðsviðmiðunarinnar á móti auknu framlagi útgerðarinnar í lífeyrissjóðinn. Útgerðin hefur ekki fallist á það og vill meira eins og hér hefur komið fram. Jafnframt hafa sjómenn boðið 6 ára samning, en vilja að sjálfsögðu leiðréttta kauptrygginguna og hækka hana til jafns við almennar launahækkanir í landinu og tryggja að á samningstímanum hækki kauptryggingin í takt við launahækkanir á almenna vinnumarkaðnum. Þokast hefur í samkomulagsátt varðandi breytingar stærðarviðmiðana báta í kjarasamningnum úr

brúttórúmlestum í skráningarlengd. Eins og kunnugt er, er hætt að mæla ný skip og skip sem hafa farið í breytingar í brúttórúmlestum og veldur það vandamálum varðandi hvaða skiptaprósentur eiga að gilda fyrir þessa báta í hinum ýmsu veiðigreinum. Samkvæmt kjarasamningi á útgerðin að kaupa þessa mælingu, en neitar enda er slík mæling kostnaðarsöm. Jafnframt hefur þokast í samkomulagsátt varðandi styrkingu á Verðlagsstofu skiptaverðs og lagfæringer varðandi verðlagningu á uppsjávarfiski.

Viðræður um endurnýjun kjarasamnings sjómanna hafa nú siglt í strand vegna kröfu útgerðarinnar um að sjómenn taki á sig meiri kostnað en ávinnungur þeirra yrði með undirritun samnings á forsendum útgerðarinnar. Í yfirlýsingu frá útgerðinni segir að ef fallist yrði á kröfur sjómanna hlypi kostnaður útgerðarinnar á milljörðum árlega. Þetta er rangt. Á móti stærsta kostnaðarliðnum, auknu mótframlagi útgerðarinnar í lífeyrissjóð, hafa sjómenn boðið ýmislegt sem kemur útgerðinni til góða. Má þar nefna afnám olíuverðsviðmiðunar og 6 ára samningstíma. Auk þess er rétt að fram komi að í kjarasamningum á almenna markaðnum um jöfnun lífeyrisréttinda var gert samkomulag við stjórnvöld um lækkun tryggingagjalds á atvinnureksturinn til að léttu fyrirtækjunum að mæta hækkuðu mótframlagi í lífeyrissjóð sem samið var um á árinu 2016. Útgerðin fékk lækkunina eins og annar atvinnurekstur á Íslandi en hefur ekkert lagt á móti til lífeyrismála sjómanna. Að lokum má nefna að með breytingu á stærðarviðmiði skipa sparar útgerðin sér kostnað við að láta mæla skipin í brúttórúmlestum. Allt það hagræði sem útgerðin fengi með því að ganga að tilboði sjómanna virða þeir einskis enda markmið þeirra að lækka laun sjómanna í yfirstandandi kjaraviðræðum.

Segja má að afstaða SFS sé verulega dapurleg og mikil vonbrigði í ljósi þeirra leiða sem samtök sjómanna hafa lagt fram til lausnar kjaradeilunni.

#### **Mál 2. Hækkun sjúkradagpeninga.**

ÁS fór yfir málið og skýrði fyrir fundarmönnum. Sjúkradagpeningar eru núna 490.170 kr.- sem er sama upphæð og kauptrygging samkvæmt síðustu kjarasamningum. Lag er til að kauptrygging hækki um 65.000 krónur sem er sú upphæð sem farið var fram á að verði upphafshækkin í yfirstandandi kjarasamningsviðræðum. Frá 1. september verði sjúkradagpeningar því að hámarki 555.170 krónur á mánuði. Stjórnin samþykkti hækkun sjúkradagpeninganna.

#### **Mál 3. Grensásvegur 13, framkvæmdir.**

ÁS kynnti hugmyndir um að klæða húsið á Grensásvegi 13 að utan með áklæðningu, setja svalir og að byggja nýja hæð ofaná húsið. Óhapp varð hér innandyra í vor þegar læk á milli hæða frá efstu hæðinni og niður á hæð FS en töluverðar skemmdir urðu einnig á efstu hæðinni en þær er viðgerð nánast lokið. Þegar húsið var skoðað að utan kom í ljós að viðgerðar er þörf. Haldinn var húsfundur og farið yfir kostnað við að mála húsið en einnig var rætt um að setja svalir á það og síðan vaknaði gömul hugmynd um að lyfta húsinu upp um eina hæð. Fyrirtækið Svalir.is munu sjá um að hanna svalirnar og útvega allar teikningar sem þarf til byggingarsamþykktar, meðal annars skráningartöflu og eignaskiptasamning. Þeir hafa nú þegar fengið vilyrði fyrir að hækka húsið upp um eina hæð. ÁS óskaði eftir samþykki stjórnar til að fara í vinnu við að fá byggingaleyfið og klæðningu á húsið.

Ef húsið yrði klætt, hækkað um eina hæð og byggingaréttur FS yrði svo seldur ætti félagið að koma út á nálli. Miðað er við að kostnaður félagsins vegna þessara framkvæmda verði enginn þegar þær eru yfirmaðnar, en félagið þarf að fjármagna framkvæmdirnar á framkvæmdatímanum. Áætlaður kostnaður

félagsins sem á 9,4% í heildareigninni er 26,5 millj. Kr.- Stjórnin samþykkti að farið yrði í þessar framkvæmdir.

#### Mál 4. Mál Andrésar Þ. Sigurðssonar yfirhafnsögumanns.

ÁB fór yfir málið og það rætt nokkuð. Fram kom að það er skýlaus skoðun fundarmanna að með ráðningu hafnarstjóra í Vestmannaeyjum hafi verið gengið framhjá Andréi sem er reynslumikill hafnsögumaður með full skipstjórnarréttindi og menntunin þar með gjaldfelld. Stjórnin ákvað að í ljósi þessa að styðja Andréi við málarekstur á hendur Vestmannaeyjabæ um helming kostnaðarins að hámarki 1,4 milljónir, en Verðandi greiðir helming á móti FS.

Rétt er að geta þess að almennt tíðkast hér á landi að gera þá kröfu að hafnarstjórar hafi skipstjórnarréttindi auk reynslu og þekkingu á sjávarútvegsmálum og rekstri hafna. Þetta sést t.d. í starfsmati Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem finna má yfirlit yfir grunnkröfur til ýmissa opinberra starfa:

Samkvæmt starfsmati Sambands íslenskra sveitarfélaga, þá er hafnarstjóri metinn eftirfarandi:

#### „Hafnarstjóri (697 stig)

Gerð er krafa um skipstjórnarréttindi STCV II/2 auk reynslu af stjórnun og rekstri, reynslu og þekkingu á sjávarútvegsmálum og rekstri hafna. Starfið felur í sér yfirumsjón með öllum verkefnum og framkvæmdum og gera áætlanir s.s. varðandi verndar-, mengunar- og sorpáætlanir fyrir höfnina. Hafnarstjóri ber ábyrgð á yfirverkstjórn, fjárhagsáætlanagerð, útreikning aflagjalda og reikningagerð og annast daglega fjármálastjórnun hafnarinnar þ.m.t. ábyrgð á útgjöldum og innheimtu tekna hafnarinnar. Hafnarstjóri hefur eftirlit með skipaumferð, með mengunarvarnarlögum, hafnarreglugerðum og hafnarvernd og alþjóðlegum tilskipunum. Mannaforráð er viðvarandi hluti af starfi hafnarstjóra. Hafnarstjóri vinnur að stefnumótun fyrir starfsemi hafnarinnar.”<sup>[1]</sup>

Andrés telur að ákvarðanataka vegna ráðningarár hafnarstjóra hafi ekki staðist lög.

1. Gengið hafi verið framhjá hafnarstjórn við ráðninguna, hún hafi verið tekin af bæjarstjóra og þar af leiðandi ekki fagleg.
2. Hæfnismatið var óforsvaranlegt. a) Kennaramenntun hafi verið tekin framyfir skipstjórnarmenntun. b) Pekking og reynsla á umhverfi sjávarútvegs hafði einungis 5% vægi í ferlinu.
3. Andmælaréttur Andrésar var ekki virtur að hans mati.
4. Vísbendingar um að niðustaðan hafi verið ákveðin fyrirfram.

#### Mál 5. Þjónustusamningur Ocean

ÁS sagði frá málinu og kynningu á samstarfssamningi við fyrirtækið um söfnun upplýsinga á veiði, löndunarverðum og útflutningsverðum á Makríl frá Íslandi og helstu samkeppnis/samanburðarlöndum. en Oceans er tæknifyrtæki sem var stofnað á þessu ári.

Fyrirtækið sérhæfir sig í að safna og greina markaðsgögn úr sjávarútvegi á alþjóðavísu og umbreyta þeim í verðmætar upplýsingar með aðferðafræði gagnavísinda og gervi greindar og bjóða aðgang að þeim á aðgengilegan hátt. Það er erfitt að ná í þessar upplýsingar og tímafrekt og þ.a.l. gæti slíkur samstarfssamningur komið okkur afar vel. Ocelans býður hagsmunaaðilum fast mánaðargjald á þrigga

mánaða tímabili, 600.000 kr.- án vsk. Heildarkostnaður fyrir fyrsta áfangann er því 1.800.000 kr.- án vsk. Um er að ræða söfnun og greiningu gagna um Atlantshafsmakrílinn, upplýsingar um landanir, og verður löndunar -og útflutningsverðum safnað og gögnin greind. Stjórnin samþykkti að félagið tæki þátt í þessu verkefni.

ÁS sagði frá því að tveir fulltrúar fyrirtækisins verði fengnir til að koma og kynna fyrir stjórninni hvernig til hefur tekist með að ná í þessar upplýsingar og miðla þeim.

**Mál 6.** Afgreiðsla á umsókn Dr. Stefáns Einarssonar, áhættuverkfræðings um styrk vegna vinnu hans ofl. Við skýrslu um líðan, heilsu og öryggi sjómanna.

ÁB sagði frá málinu og að loknum umræðum ákvað stjórnin að styrkja ekki þessa umsókn. Henni var hafnað.

**Mál 7.** Önnur mál.

PÆP kynnti hugmyndir um að komið verði á fót tilkynningakerfi varðandi „baselinu“ við strönd landsins og lóðsaskyldu á ákveðnum svæðum ekki óvipað og gengur og gerist í öðrum löndum, sérstaklega í Noregi. Samgöngu - og umhverfisráðuneytunum voru send erindi en þetta mál er komið í biðstöðu fram yfir kosningar. Einnig rakti hann stöðu íslensku alþjóðlegu skipaskrárinnar vegna spurningar frá fundarmanni og þar er sömu sögu að segja, málið er komið í bið fram yfir kosningar eða þar til nýr ráðherra samgöngumála hefur tekið við keflinu. Núverandi ráðherra hefur lýst sig hlynntan þessum málum, enda setti ráðuneyti hans inná samráðsgátt frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá 31 mars sl.

PÆP rakti í stuttu máli vinnu okkar á skrifstofunni varðandi kynningu á félaginu til skipstjórnarmanna á eldisbátum sem ekki eru félagsmenn. Tilgangurinn er að fá sem flesta þeirra í félagið til að styrkja stöðu okkar til kjarasamningsgerðar við eldisfyrirtækin á landinu. Við munum halda þeiri vinnu áfram til að ná lokatakmarkinu sem er að gerður verði kjarasamningur sem fyrst fyrir félagsmenn okkar.

ÁS sagði fundarmönnum frá byrjunarörðugleikum með bústaðinn á Laugarvatni, hitakerfið virkaði ekki sem skyldi í upphafi og voru þeir sem ábyrgð báru fengnir til að laga það sem ekki virkaði, félaginu að kostnaðarlausu. Almenn ánægja hefur verið með þennan bústað meðal félagsmanna en hins vegar er kominn tími á almennt viðhald gölu bústaðanna á Laugarvatni og andlitslyftingu innandyra. Fundarmenn voru sammál því.

Fleira ekki rætt.

Formaður sleit fundi kl. 14:50

Árni Bjarnason

Formaður

Árni Sverrisson

Framkvæmdastjóri

Páll Ægir Pétursson

fundarritari